


K64 // ÁSBRÚ

SEN & SON

tillaga að skipulagi

20.06.2024



SPÍTALAREITUR HUGMYNDAFRÆÐI

Fyrirhuguð uppbygging er í samræmi við meginmarkmið um þéttari og eftirsóknaverðari byggð á Ásbrú eins og rammaskipulagið leggur upp með.

Markmiðið með skipulagsvinnu er:

- Að skapa eftirsóknarvert, lifandi og fjölbreytt umhverfi sem stuðlar að blöndun fjölbreyttra hópa, hvetur til samskipta og leiks.
- Að skapa ramma utan um nýja byggð sem lyftir ásýnd Ásbrúar
- Að móta byggð þar sem áhersla er lögð á gæði íbúða og útisvæða m.t.t. sólar, birtu og vindátta
- Að taka tillit til núverandi göngutenginga og styrkja enn frekar
- Að núverandi byggingar á deiliskipulagssvæði fái andrými, en á sama tíma efla þær með þéttingu byggðar umhverfis þær.
- Bílastæði verða aðallega á yfirborði, og nýtt verði sem mest af þegar malbikuðum svæðum undir þau. Fegra skal svæðin með trjágróðri.

Á svæðinu verður gert ráð fyrir 2- 4 hæða byggingum sem mynda svokallaða randbyggð. Með þessu fyrirkomulagi verða til skjólgóð, sólrík og örugg útisvæði. Byggingarnar munu þá einnig skapa sterka og fallega götumynd út á móti aðliggjandi götum.

Helstu sólar- og vindáttir munu vera ráðandi í því hvernig byggingarmassar munu raðast upp.

Skipulagssvæðið er sem fyrr segir vel staðsett á Ásbrú og er bæði hluti af hjarta Ásbrúar og Offiserahverfinu. Það er því mikilvægt að reiturinn uppbyggður verði sterkur tengipunktur mismunandi hverfahluta.

Ákvörðun um heildarbyggingarmagn á svæðinu verður tekin við gerð deiliskipulags m.t.t. markmiða rammaskipulags og gæði byggðar.

Tillagan sem hér er sýnd er í takt við þessi markmið, en mun taka breytingum við nánari útfærslu á skipulagi. Markmiðin með deiliskipulagsvinnunni munu halda sér.

STAÐAN Í DAG




MENNINGARHÚS


..... Heildarsvæði

SEN & SON


HUGHRIF




TILLAGA AÐ NÝJU SKIPULAGI




TILLAGA AÐ NÝJU SKIPULAGI






SÓLARljós
1. maí / 21. júní / 21. september
07:00- 22.00


Sólarljós er munaður fyrir okkur sem búa á norðlægari slóðum og er því mikilvægt að **nýta það til fulls**. Sólargreiningar okkar gefa **skýra mynd** af því hversu marga tíma af sólskini hver staður fær á gefnum tíma árs, bæði á **útisvæðum** sem og á **byggingum**. Út frá greiningum sem þessum er með **betri vissu** hægt að staðsetja til dæmis svalir og önnur útisvæði sem og að **tryggja** þannig bestu mögulegu **sólargæði** sem völ er á.








1. maí - 07-22




21.júní - 07-22



21.september - 07-22





..... Heildarsvæði



DAGSLJÓÐ
meðaltal yfir allt árið


Greiningar á **dagsljósi** er mikilvægur þáttur í hönnunarvinnu okkar. Í greiningum okkar koma fram upplýsingar sem sýna hvar **dagsljósskilyrði** eru góð og hvar þeim er ábótavant. Þessi gögn geta t.d. hjálpað til við að ákveða gluggastaðsetningar og stærðir til þess að tryggja **íverurými** í hæsta gæðaflokki.



..... Heildarsvæði




© Mapbox, © OpenStreetMap, © OpenStreetMap contributors, Road data © OpenStreetMap contributors




..... Heildarsvæði





VINDUR
meðaltal yfir allt árið



Vindgreiningar, þar sem m.a. **staðbundnar vindrósir** eru notaðar fyrir hvert verkefni, gefa okkur **greinargóðar niðurstöður** um **gæði** útsvæða. Þar af leiðandi getum við mjög snemma í hönnunarferli okkar, fylgst með því hvaða **áhrif** vindurinn hefur á mismunandi byggingarmassa og form, og myndað okkur frekari skoðun á næstu skrefum hönnunar okkar - **út frá staðreyndum** .




Vindur á jörðu
Global Wind Atlas 3.0

ÞÆGINDI
meðaltal yfir allt árið

..... Heildarsvæði



SAMANTEKT



- Heildarsvæði
- Lóðarmörk